

Reglur um birtingu auglýsinga á Keflavíkurflugvelli

1.gr. Gildissvið

Skilmálarnir gilda fyrir alla sem standa að birtingu auglýsinga á Keflavíkurflugvelli hvort sem það eru einstaklingar, félög, opinberir aðilar eða aðrir. Skilmálar taka til hvers konar skilta, skjáa, merkinga og annarra auglýsinga sem birtar eru á Keflavíkurflugvelli, jafnt innan- sem utandyra.

2.gr. Almenn skilyrði auglýsinga

Auglýsing skal ávallt uppfylla lög og reglur, samræmast almennu velsæmi og má ekki vera villandi eða meiðandi. Efni auglýsingar má ekki valda eða hafa það á hættu að valda óþægindum eða vanlíðan áhorfenda.

Auglýsanda ber að virða höfundarrétt og heimild rétthafa skal vera til staðar áður en birting hefst.

Gæta skal þess að auglýsing raski ekki starfsemi Keflavíkurflugvallar.

Hverskonar auglýsingar á flugvellinum og landsvæði hans, eru óheimilar nema með samþykki viðskiptadeildar Isavia ohf. Rekstraraðilum á flugvellinum er óheimilt að nýta aðstöðu sína til að auglýsa eða markaðssetja ótengda starfsemi nema með skriflegu samþykki viðskiptadeildar Isavia ohf.

Auglýsing má ekki vera truflandi fyrir farþega, gesti og starfsmenn, þá er m.a átt við en ekki tæmandi upptalning, blikkandi merki, stróp, laser ljósi, hraðar og margar skiptingar á myndarömmum í myndböndum.

Allar auglýsingar, skal bera undir viðskiptadeild Isavia ohf. á Keflavíkurflugvelli til samþykktar áður en birting getur hafist.

3.gr. Efni auglýsinga

Gæta skal þess að auglýsing raski ekki ímynd Keflavíkurflugvallar. Auglýsingar skulu vera málefnalegar og ekki fela í sér ádeilu eða hlutdræga umsögn um einstaka menn, málefni, stofnanir, félög, félagasamtök eða stjórnmalaflokka.

Efni, framsetning og eðli auglýsinga skal ekki vera með þeim hætti að Keflavíkurflugvöllur geti dregist inn í eða verði vettvangur deilna um viðkvæm og umdeild málefni eða vegi með einhverjum hætti að ímynd eða orðspori einstaklinga, fyrirtækja, stofnana, félagasamtaka eða annarra aðila.

Auglýsingar mega ekki vera ósanngjarnar gagnvart neytendum og keppinautum eða fela í sér ósanngjarnan samanburð á vöru eða annarri þjónustu.

Óheimilt er að nota hljóð við birtingu auglýsinga.

Þær auglýsingar sem birtast skulu í einu og öllu fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru skv. siðareglum SÍA um auglýsingar og mega á engan hátt stríða gegn almennri siðferðisvitund. Skýrt skal koma fram hver stendur að auglýsingu.

4.gr. Ábyrgð

Auglýsandi ber ábyrgð á að auglýsing uppfylli skilmála sem hér koma fram. Auglýsandi ábyrgist að hann hafi allar nauðsynlegar heimildir til að birta efnið og að birting brjóti hvorki í bága við lög né réttindi annarra.

Isavia ohf. er heimilt að hafna birtingu auglýsingar, ef hún uppfyllir ekki skilmála þessa. Komi í ljós eftir að birting hefst að auglýsing brýtur í bága við skilmála áskilur Isavia ohf. sér rétt til að taka auglýsingu úr birtingu án tafar. Auglýsandi á rétt á endurgreiðslu vegna óbirta auglýsinga. Ekki verður bætt fyrir afleitt tjón af niðurfellingunni.

Við túlkun skilmála þessa skal gætt að jafnræði auglýsenda og að þeim sé ekki mismunað.